

Náttúrustofa Austurlands

Könnun á gróðurfari í Njarðvík eystri

Guðrún Á. Jónsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina á Austurlandi

Neskaupstað, maí 1999

Inngangur

Vegagerðin óskaði eftir því haustið 1998 að Náttúrustofa Austurlands gerði úttekt á gróðurfari í Njarðvík vegna fyrirhugaðra breytinga á veglínu úr Vatnsskarði og niður í víkina. Skýrsla þessi byggir fyrst og fremst á niðurstöðum vettvangsathugunar er fram fór í september 1998, einnig var farin vettvangsferð 12. maí 1999 og leitað í gagnsafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir upplýsingum um útbreiðslu sjaldgæfra tegunda. Gróðurfar uppi í Vatnsskarði var ekki skoðað þar sem Vegagerðin hafði ekki farið fram á það og ekki láði í té gögn um breytingar á vegstæði á því svæði, þegar vettvangsathugun var gerð.

Vettvangsathugun

Við vettvangskönnun 19. september 1998 var veður fremur kalt og gróður var nokkuð farin að láta á sjá vegna kuldakasts fyrr í september en þó ekki mikið sölnaður. Líklegt má þó telja að tegundir sem sölna snemma séu vantaldar í tegundalista. Skráð var lýsing lands og gróðurlenda á þeim leiðum sem verið er að kanna fyrir nýjan veg. Einnig voru leiðirnar gengnar til að skrá nákvæmar gróðurlendi og gera úttekt á tegundasamsetningu. Sérstaklega var litið eftir sjaldgæfum tegundum sem vitað er að fundist hafa í Njarðvík.

Þann 12. maí 1999 var gott veður en talsverður snjór enn í hlíðum og giljum. Gróður var ekki farin að lifna en engu að síður var mögulegt að flokka gróðurlendi á vegstæðum gróflega. Ekki er um raunverulega gróðurkortlagningu að ræða. Ekki var alls staðar gerlegt að draga mörk gróðurlenda vegna snjóskafla og ekki var hægt að deila niður megin gróðurlendum (t.d. lyngmói, votlendi, hálfdeigja) í mismunandi undirflokkar (t.d. beitylyngsmói, bláberjalýngsmói, mýrastararmýri, fjalldrapamýri, hrossanálarjaðar, grasjaðar osfrv.).

Leiðir I og III voru gengnar 1998 nema neðsti hluti leiðar I eins og hún er sýnd á meðfylgjandi korti. Útfærsla sú á neðsta hluta leiðarinnar sem nú er miðað við var ekki komin fram þegar vettvangsathugun átti sér stað þá. Gróðurfar var því skoðað á milli gamla vegarins og Innri Mógilslækjar. Norðan við lækinn var gengið um gróðurlendi í maí 1999 og var það svæði orðið að mestu snjólaust. Þar voru gróðurlendi greind í megin flokka eftir því sem kostur var og útlínur þeirra dregnar á loftmynd. Ekki vannst tími til að ganga leið II haustið 1998 og í maí 1999 var einungis gengið út í jaðar Grásteinsmýrar á neðsta hluta leiðarinnar enda hafði Vegagerðin ekki beðið um nákvæma gróðurskoðun á þeirri leið. Lýsing landslags var skráð á leið II og megin flokkar gróðurlenda að svo miklu leyti sem það var hægt með sjónauka úr brekkum handan Njarðvíkurár. Gróðurlendi sjást nokkuð vel frá því sjónarhorni en um tegundasamsetningu þeirra er ekkert hægt að segja.

Lýsing gróðurs við veglínur

Gróðurlýsing er þannig upp sett að leiðunum er fylgt neðan frá og upp, öfugt við það sem gert er í lýsingu Vegagerðarinnar (Sveinn Sveinsson 1999) sem höfð var til hliðsjónar við þessa skýrslugerð.

Leið I

Neðsta svæði ca. 70 -100 m. hæð yfir sjó. Þessi lýsing var gerð á gróðri sunnan (vestan) við Innri Mógilslæk (sjá kort) þar sem ekki var gengið um svæðið norðan við lækinn þegar gróður var lifandi.

Neðst er votlendi en ofar er mói með skriðulu birki og lyngi. Í votlendinu er til skiptis þýfð fjalldrapamýri og minna þýfð mýrasund. Fjalldrapi (*Betula nana*) er áberandi á þúfum en vetrarkvíðastör (*Carex chordorrhiza*), hengistör (*Carex rariflora*) og sums staðar tjarnarstör (*Carex rostrata*) á milli þúfna. Svæðið er talsvert bitið og traðkað.

Norðan við Innri Mógilslæk eru rakar brekkur með mýrardrögum. Þar eru graslendisblettir, hálfdeigjur með grösom og störum, þýfð mýradrög með fjalldrapa og bláberjalyngi og flákar af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) og störum á milli. Svæðið sem leið I mun skera er ekki mjög blautt en neðar eru flákar af heldur blautari mýri (sjá kort). Þetta svæði virðist heldur þurrara en mýrin sunnan við Innri Mógilslæk.

Pegar kemur upp í halla taka fyrst við brekkur með móagróðri og skriðulum birki-runnum en meira og minna samfelldu birkikjarri er ofar dregur í brekkurnar. Þar sem leið I fer yfir gildragið við Innri Mógilslæk setur kjarr mestan svip á gróður í brekkunni en á milli er lynggróður.

Í brekkunni innan við Innri Mógilslæk eru bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og sauðamergur (*Loiseleuria procumbens*) áberandi í mounum og einnig aðalbláberjalyng (*Vaccinium myrtillus*) á belti í brekkunni. Sums staðar er kjarrið gróskumikið u.þ.b. 1-1.5 m á hæð með ríkulegum blómgróðri í botninum. Innan við Innri Mógilslæk talsvert neðar en veglína I vaxa grænlija (*Orthilia secunda*) og lyngjafni (*Lycopodium annotinum*). Brekkurnar utan við lækinn eru heldur gróskuminni en innan við lækinn.

Leið I heldur svo áfram yfir gamla veginn upp af Ytri Hríshöfða inn að Vatnsskarðsá. Þarna liggur leiðin um birkikjarr, sums staðar nær samfelld, en annars staðar slitrótt. Lægðir eru á milli með bláberja- og aðalbláberjalyngi og einnig eru opnari svæði með beitilyngi (*Calluna vulgaris*) og krækilyngi. Fallegir bollar eru í giljum við árnar (Vatnsskarðsá sú innri). Í bollum er lyng og blómgróður og mikið af finnungi (*Nardus stricta*).

Á bökkunum við Vatnsskarðsá er gróðurþekja örlítið rofin af flögum (ljósir flekkir á loftmynd). Innan við ána heldur móa- og kjarrlendi áfram en kjarrið minnkar þar fljótt og við tekur lyngmói með stöku brúskum af skriðulu birki. Dældir bera nokkurn snjóðældasvip með aðalbláberjalyngi og bláberjalyngi ásamt maríustakk (*Alchemilla vulgaris*) og bugðupunti (*Deschampsia flexuosa*). Ofan við 170 -180 m hæð (u.þ.b. stöð 10300) er lynggróðurinn gróskuminni og ber meiri heiðasvip. Kræki- og beitilyngsmóar eru þar mjög áberandi og sauðamergur ofar í brekkunum. Litunarjafni (*Diphazium alpinum*) og skollafingur (*Huperzia selago*) vaxa á þessum slóðum einkum ofan við fyrirhugaða veglínu.

Á leiðinni inn á Fremri Hríshöfða (stöð 10000 - 9600) fer veglínan um melhryggi. Gróður á hryggjunum er ósamfelldur en þeir eru þó allgrónir (að meðaltali ca. 50% gróid). Á þessum melhryggjum er slitrótt mosapemba með smárunnum, grösom og blómjurtum en á milli eru nokkuð gróskumiklar lyngdældir þar sem gróður ber merki um að snjór skýli að vetri. Er innar dregur eru dældirnar dýpri eða á þeim slóðum sem vegurinn liggur í krappri beygju á höfðanum.

Leiðin liggur svo frá Fremri Hríshöfða (stöð 9600) utan í melum upp á núverandi veg nokkru neðan við Neðra Vatnsskarð (Sprengibrekku). Gróðurfar á melunum er svipað og lýst var á leiðinni út á höfðann. Slitrótt mosapemba með lyngi, grösum og blómjurtum á melhryggjum en á milli eru dældir og lyngbrekkur. Á síðasti spottanum áður en leið I kemur inn á núverandi veg (u.þ.b. við stöð 9000) er falleg snjóðæld við lítinn læk, undir bröttu barði. Þar eru fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*), grámulla (*Omalotecha supina*) og grasvíðir (*Salix herbacea*) ásamt skollafingri og miklum finnungi. Þar er líka smá deiglendi með finnungi, störum, mýrafinnungi (*Trichophorum caespitosum*), grávíði (*Salix callicarpea*), lyngi og klóffífu.

Leið II

Leið II liggur frá gamla veginum rétt innan við Innri Hvanngilsá meðfram fjallshlíðinni sunnan megin Njarðvíkurár. Neðst (austast) liggur veglínan um votlendi (Grásteinsmýri) en kjarrmóar eru innar með ánni. Graslendi með smárunnum tekur svo við innar með ánni og síðan lyngmói, áður en leiðin liggur norður yfir ána við Fremri Hríshöfða. Norðan megin taka við móar og mosapembur á melkenndum ásum, en lyngdældir á milli. Leið II sameinast leið I á Fremri Hríshöfða

Leið III

Leið III liggur fyrst um móa rétt utan við gamla veginn ofan við Ytri Hríshöfða. Þessi leið liggur á stuttum kafla í jaðri votlendis sem lýst var fyrir leið I og svo í beygju upp um nokkuð gróskumiklar brekkur. Í brekkum skiptast á kjarrflákar, móagróður, hálfdeigjur og smá mýrablettir. Kjarrið er 1-1.5 m hátt þar sem það er gróskumest en annars er gróður samskonar og lýst er fyrir leið I. Sums staðar er talsvert um eini (*Juniperus communis*) á þessu svæði.

Innan við gamla veginn liggur leið III í beygju, um móa með lyngi og skriðulu birki-kjarri. Vegurinn mun fara tvisvar yfir Vatnsskarðsá (skv. loftmynd). Gróður er þarna talsvert gróskumikill í dældum og í árgilinu og þar vex skjaldburkni ofan við efri fossinn. Neðan í brekkubrún við fossinn eru torfur með skriðulu birki og bláberjalyngi og samfelldara kjarr neðar. Mólendið næst ánni, ofan við fossinn er svolítið slitrótt með móa- eða melagróðri.

Leið III fer svo í aðra beygju til norðausturs utan við gamla veginn í um 210-220 m hæð. Þarna liggur leiðin um raka lyngmóa (dökkir flákar á loftmynd) og hálfdeigjur og rakan mosagróður með opnum flögum (ljósu svæðin á loftmynd). Lækur rennur þarna niður og er snjóðældagróður í lækjargilinu. Þar vex Lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*) nálægt gamla veginum (sjá kort).

Tegundir.

Alls voru skráðar 96 tegundir háplantna á öllu svæðinu við vettvangsskoðun 19. september 1998 (1. tafla). Eins og getið var um í inngangi var nokkuð áliðið hausts þegar gróðurskoðunin var gerð og kann það að hafa áhrif á fjölda tegunda sem fundust. Af þessum 96 tegundum hafa nokkrar takmarkaða útbreiðslu á landsvísu og ein er mjög sjaldgæf. Bláklukka (*Campanula rotundifolia*), gullsteinbrjótur (*Saxifraga aizoides*) og maríuvöttur (*Alchemilla faeröensis*) eru tegundir sem að mestu eru bundnar við austanvert landið en eru algengar þar. Skjaldburkni finnst í snjóðældum og gilskorningum allvíða um land nema sunnanlands. Grænlilja hefur fundist í skóg- og lynglendi allvíða, einkum um norðanvert landið en virðist ekki hafa fundist áður í Njarðvík (Skv. upplýsingum um útbreiðslu plantna frá Náttúrufræðistofnun Íslands,

óbirt). Lyngjafni er fremur sjaldgæfur en finnst hér og þar um landið nema sunnanlands. Lyngbúinn er mjög sjaldgæfur og finnst einungis á nokkrum stöðum á Austurlandi. Hann hefur fundist áður á nokkrum stöðum í Njarðvík og Borgarfirði en þó virðist hann ekki hafa verið skráður áður á þeim stað sem hann fannst á í þessari athugun (gagnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands). Hann er friðlýstur skv. náttúruverndarlögum og á Válista 1 þar sem hann er flokkaður sem tegund í yfirvofandi hættu. Súrsmaera (*Oxalis acetosella*) sem einnig er friðlýst tegund og á Válista 1 hefur fundist í Njarðvík. Hún fannst ekki við þessa vettvangsathugun og þeir fundarstaðir súrsmæru sem skráðir hafa verið áður í Njarðvík (gagnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands) liggja utan þess svæðis sem fyrirhugað er að raska.

Niðurstöður og ályktanir

Mismiklar athuganir hafa verið gerðar á gróðri á og við þessar 3 leiðir sem fjallað er um. Því er ekki gerlegt að bera saman gróður á þeim nákvæmlega en hægt er að bera saman gróflega um hvers konar gróðurlendi þessar mismunandi leiðir liggja.

Leið I liggur um hálfdeigjur með mýraflákum neðst við Njarðvíkurána, síðan um nokkuð gróskumiklar kjarrbrekkur. Er kemur inn fyrir núverandi veg liggur leiðin áfram um kjarrlendi og lyngmóa. Fallegir gilbollar eru í brekkunni nálægt Vatnsskarðsá. Leiðin hækkar sig smám saman upp í móa- eða heiðagróður (lynggróður) sem verður gróskuminni eftir því sem ofar dregur. Leiðin liggur svo um melhryggi með berangursgróðri en lyngdældum á milli, inn á Fremri Hríshöfða og áfram um svipað gróðurlendi frá Fremri Hríshöfða og upp á núverandi veg.

Leið II liggur sunnan Njarðvíkurár um talsvert votlendi (Grásteinsmýri) og síðan um kjarrlendi og lyngmóa. Áfram liggur leiðin um grasmóa og lyngmóa sunnan ár. Eftir að kemur norður fyrir ána liggur leiðin um melhryggi með slitróttum mosapembu- og móagróðri og lyngdældum á milli. Frá Fremri Hríshöfða og uppá núverandi veg liggur leiðin á sama stað og leið I.

Leið III

Liggur á stuttum spotta um votlendisjaðar en síðan í hlykki um móa og kjarrbrekkur. Við Vatnsskarðsá er mólendið dálítið slitrótt með berangurslegum mosagróðri á milli. Leiðin liggur síðan út fyrir gamla veginn, í beygju til norðausturs yfir mólendi og gil. Deiglendisblettir og flög eru hér og þar í brekkunni. Leiðin liggur þar mjög nærri vaxtarstað friðlýstrar tegundar.

Allar þessar veglínur hafa í för með sér umtalsverða röskun á fallega grónu landi. Af þessum þrem leiðum fer leið II yfir mest votlendi en leið III minnst. Allar fara þær um kjarri vaxið land. Leið III fer nálægt tegund sem er friðlýst skv. náttúruverndarlögum og á válista.

Gróðurfar í Njarðvík er fallett og nokkuð gróskumikið. Niðri í dalbotninum er sums staðar votlendi og birkikjarr í brekkum. Gróðurinn í víkinni ber einnig svipmót þess að í Njarðvík er að jafnaði nokkuð snjóþungt. Tegundir sem einkenna snjódældir og snjóþung svæði fundust víða svo sem aðalbláberjalyng, finnungur, grasvíðir, fjallasmári, grámulla, skjaldburkni og litunarjafni. Víkin er vel gróin á láglandi og langt upp eftir hlíðum þótt hér og hvar séu melar og börð með berangurslegum og ósamfelldum gróðri. Einhver beit mun vera í víkinni og má sums staðar sjá merki þess

á gróðri. Tegundafjölbreytni er all mikil og sennilega talsvert meiri en þessi athugun gefur til kynna vegna þess hve líðið var á haust er hún var gerð.

Helstu gróðurlendi sem skoðuð voru í Njarðvík eru:

Lyngmóar með mismunandi einkennistegundum. Ofan til og þar sem skjóllítið er eru berangurslegir lyngmóar þar sem krækilyng eða beitlyng er ríkjandi. Þar sem skýlla er og neðan til í brekkum eru gróskumeiri móar með bláberja- og aðalbláberjalyngi.

Berangursgróður, mosapembur með smárunnum, móasefi, grösum, stinnastör og holtasóley er einkum að finna á melhryggjum ofan til í brekkum.

Snjóðældir eru víða með tegundum eins og maríustakk, finnungi, fjallasmára og grámullu.

Birkikjarr með talsverðum blómgróðri í botni. Kjarrið er víðast lágvaxið u.þ.b. 0.5 m á hæð en gróskumeira á stöku stað.

Votlendi, með fjalldrapa, mýra- eða stinnastör og klóffu en blautara votlendi með vetrarkvíðastör, hengistör og tjarnarstör fannst innan við Innri Mógilslæk.

Ekki fundust sérstæð eða sjaldgæf gróðurlendi. Skógarkjarr ásamt meðfylgjandi blómgróðri og votlendi eru hins vegar í sjálfu sér verðmæt gróðurlendi, þar sem íslensk skóglendi eru takmörkuð og mýrum hefur farið mjög fækkandi á síðustu áratugum. Það ætti því að leita allra leiða til að halda röskun á þessum gróðurlendum í lágmarki. Einnig þarf að vanda til frágangs að verki loknu.

Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Sveinn Sveinsson 1999. *Borgarfjarðarvegur*. Samantekt vegna mats á umhverfisáhrifum.

Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík 1996

1. tafla. Tegundir háplantna fundnar í Njarðvík í september 1998.
Nafngiftir skv. Herði Kristinssyni (1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>
Eski	<i>Equisetum hiemale</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grænlija	<i>Orthilia secunda</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>

Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambgras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Litunarjafni	<i>Diphazium alpinum</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyngbúi	<i>Ajuga pyramidalis</i>
Lyngjafni	<i>Lycopodium annotinum</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Maríuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýranál	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Reyrgresi	<i>Hierocloë odorata</i>
Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Sérbylisstör	<i>Carex dioica</i>
Sjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Títulíngrasi	<i>Agrostis vernalis</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>

Vegarfi
Vetrarblóm
Vetrarkvíðastör

Cerastium fontanum
Saxifraga oppositifolia
Carex chordorrhiza